

Mánudaginn 26. nóvember 2018 kl. 15:00 kom fulltrúaráð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses. saman til fundar á Fosshótel Húsavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar (15 af 19);

- frá Þingeyjarsveit, Arnór Benónýsson, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir
- frá Skútustaðahreppi, Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir
- frá Norðurþingi, Heiðbjört Þóra Ólafsdóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Örlygur Hnefill Örlygsson
- frá Svalbarðshreppi, Sigurður Þór Guðmundsson
- frá Langanesbyggð, Björn Guðmundur Björnsson, Þorsteinn Ægir Egilsson
- frá samtökum launþega, Aðalsteinn Árni Baldursson, Sigríður Jóhannesdóttir
- frá samtökum atvinnurekenda, Heiðar Halldórsson, Guðni Már Kjartansson

Þetta gerðist.

1) Skipan starfsmanna fundarins

Tillaga kom fram um Aðalsteinn Á. Baldursson sem fundarstjóra og Reinhard Reynisson sem fundarritara. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir til starfans.

2) Lögmæti fundarins

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og komu engar athugasemdir fram við boðun hans og á fundinn eru mættir 15 af 19 fulltrúum og fundurinn því lögmætur.

3) Breytingar á samþykktum

Farið yfir tillögu að breytingu á samþykktum stofnunarinnar en um er að ræða breytingu á 8. gr. varðandi stjórnarkjör skv. ákvörðun stofnfundar. Einnig var farið yfir aðrar breytingar sem eru tæknilegs eðlis vegna skráningar stofnunarinnar, en um er að ræða breytingar á 5. gr. og niðurfellingu ákvæðis til bráðabirgða sem er ekki lengur þörf fyrir.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fyrirbyggjandi breytingar. Nokkrar umræður urðu um 8. gr. og lagði Jóna Björg Hlökkversdóttir fram svohljóðandi breytingartillögu. Í stað „Leitast skal við að kynjahlutföll séu jöfn í stjórninni en þó skulu aldrei skipaðir færri en tveir einstaklingar af hvoru kyni.“ komi „Kynjahlutföll skulu vera jöfn í stjórninni.“

Í umræðu um breytingartillöguna lagði Sigurður Þór Guðmundsson fram frávísunartillögu á tillöguna. Var frávísunartillagan samþykkt með 13 atkvæðum gegn 2. Fundarstjóri bar því næst upp upphaflegu tillöguna og var hún samþykkt með 13 atkvæðum, 1 sat hjá og 1 var á móti. Því næst var borin upp breytingaá 5. gr. og var hún samþykkt samhljóða og einnig að fellt yrði niður bráðabirgðaákvæði í samþykktunum varðandi kjör fyrstu stjórnar.

4) Kosning stjórnar til næsta ársfundar

Eftirfarandi tillaga borin upp skv. nýsamþykktri breytingu á 8. gr. samþykta stofnunarinnar.

Aðalmenn

Guðmundur Vilhjálmsson
Aðalsteinn Árni Baldursson
Jóna Björg Hlökkversdóttir
Elías Pétursson
Jóna Björg Arnarsdóttir
Guðmundur Halldórsson

Varamenn

Margrét Hólm Valsdóttir
Sigríður Jóhannesdóttir
Helgi Héðinsson
Mirjam Blekkenhorst
Heiðbjört Þóra Ólafsdóttir
Helena Eydís Ingólfssdóttir

Fundarstjóra og fundarritara falið umboð til að ganga frá fundargerð og senda út.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55

Fundarstjóri

Fundarritari